

AUGLÝSING

um friðland í Þjórsárverum og verndun rústamýravistar með fyrirvara um samþykki hlutaðeigandi aðila

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfisráðherra hefur í samræmi við Náttúruverndaráætlun 2009-2013 og með samþykki sveitarstjórna Akrahrepps, Ásahrepps, Bláskógabyggðar, Eyjafjarðarsveitar, Hrunamannahrepps, Húnavatnshrepps, Rangárbings ytra, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar og að fengnu samþykki forsætisráðherra sem fer með eignarréttarlega umsjón með þjóðlendum, ákveðið að friðlýsa Þjórsárver og Hofsjökul sem friðland í samræmi við 1. tölulið 1. mgr. 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Við ákvörðun um friðlýsingu þessa var höfð hliðsjón af samningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979), sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993, samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janeiro 1992), sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995 og samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971), sbr. Stjórnartíðindi C 1/1978.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmið friðlýsingarinnar er að tryggja víðtæka og markvissa verndun gróðurlendis Þjórsárvera í heild sinni, vistkerfi veranna, varpstöðva heiðagæsar, víðernis og sérstakrar landslagsheildar, auk fræðslu til almennings um verndargildi svæðisins.

Vernda skal líffræðilega fjölbreytni, vatnafar og vistgerðir Þjórsárvera sem eru fjölbreyttasta, stærsta og samfelldasta gróðurvin hálandisins og mikilvægt búsvæði dýra- og plöntutegunda. Áhersla er á vernd rústamýravistar en vistin telst alþjóðlega verndarþurfi. Alþjóðlegt verndargildi rústamýra byggir m.a. á ákvæðum Bernarsamningsins, en samkvæmt þeim eru rústamýrar flokkaðar sem búsvæði í hættu. Rústamýravist er óvenjufjölbreytt vistgerð miðað við aðrar þekktar vistgerðir á hálendi Íslands og hefur verulegt vísinda- og fræðslugildi. Votlendi svæðisins hefur alþjóðlegt gildi sem varpstöð heiðargæsar sbr. Ramsar samninginn. Markmið friðlýsingarinnar er einnig að vernda landslagsheild Þjórsárvera og samspil jökuls og jökullandslags við gróðurlendið í verunum.

3. gr.

Mörk verndarsvæðisins.

Mörk verndarsvæðisins eru sýnd í viðauka I og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í viðauka I.

4. gr.

Umsjón með hinu friðlýsta svæði.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með friðlandinu en stofnunni til ráðgjafar er 12 manna nefnd og skipar hvert sveitarfélag einn fulltrúa, forsætisráðuneyti vegna þjóðlendu einn, Náttúrufræðistofnun Íslands einn og Umhverfisstofnun einn og er sá formaður nefndarinnar. Skipunartími nefndarinnar er sá sami og kjörtímabil sveitarstjórna. Skal ráðgjafanefndin funda minnst einu sinni á ári. Umhverfisstofnun er heimilt að höfðu samráði við ráðgjafanefnd að setja ítarlegri reglur um umgengni í friðlandinu, sbr. 10 gr. Umhverfisstofnun skal í samvinnu við ráðgjafanefnd friðlandsins sjá um gerð verndaráætlunar fyrir friðlandið í samræmi við d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Drög að friðlýsingarskilmálum (12. mars 2013)

Kostnaður vegna yfirstjórnar og umsjónar með friðlandinu greiðist af Umhverfisstofnun.

5. gr.

Vöktun.

Umhverfisstofnun í samstarfi við fagstofnanir lætur vakta svæðið m.t.t. framvindu náttúrulegra ferla, breytinga á rústamýravist og öðrum verðmætum vistgerðum í verunum og stofnum fugla, sérstaklega heiðagæsar. Nánar er kveðið á um vöktun í verndaráætlun friðlandsins.

6. gr.

Fræðsla.

Umhverfisstofnun, í samstarfi við sveitarfélög á svæðinu mun koma upp skiltum við leiðir inn á friðlandið og hefur frumkvæði að fjölbreyttri fræðslu um svæðið sbr. viðauki II. Nánar er kveðið á um fræðslu í verndaráætlun friðlandsins.

7. gr.

Verndun gróðurs og dýralífs.

Vernda skal vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni veranna þannig að þau þróist samkvæmt náttúrulegum lögmálum á eigin forsendum. Þar sem rústamýravist þolir illa rask eru allar athafnir sem leitt geta til röskunar á vistgerðinni óheimilar.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum á verndarsvæðinu þ.m.t. rækta framandi plöntutegundir í friðlandinu sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda. Fjarlægja skal framandi tegundir plantna og/eða dýra sem hafa verið flutt inn á svæðið eða berast inn á það. Nánari útfærsla á ákvæðinu verður í verndaráætlun.

8. gr.

Verndun jarðmyndana.

Allt rask á jarðmyndunum er óheimilt í friðlandinu, þ.m.t. áletranir hvers konar, efnistaka úr jökulgörðum o.s.frv. nema með sérstakri heimild skv. 10. gr. Svæðið og náttúruferfar þess skal fá að þróast eftir náttúrulegum lögmálum og á eigin forsendum.

9. gr.

Verndun menningarminja.

Óheimilt er að hrófla við menningarminjum, svo sem gæsaréttum og rústum útilegumanna í friðlandinu. Um vernd menningarminja fer eftir lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

10. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Allar framkvæmdir, svo sem jarðrask og mannvirkjagerð, sem haft geta í för með sér truflun á dýralífi og/eða eyðileggingu á rústamýravist og öðrum vistgerðum er óheimil í friðlandinu. Óheimilt er að breyta rennsli vatna og vatnsborðshæð á verndarsvæðinu, sbr. þó 2. - 4. mgr.

Leyfi Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarfélags þarf til framkvæmda í friðlandinu, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, skipulagslög nr. 123/2010, lög um mannvirki nr. 160/2010 og þegar við á þjóðlendulög nr. 58/1998.

Heimilt er þó að halda við mannvirkjum, svo sem virkjanamannvirkjum, skálum, vegum og námum sem þegar eru í notkun, án þess að leita þurfi samþykkis

Drög að friðlýsingarskilmálum (12. mars 2013)

Umhverfisstofnunar og fer um þær leyfisveitingar skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um mannvirki nr. 160/2010.

Heimilt er að reisa fræðslumannvirki til að ná fram markmiðum friðlýsingarinnar, sbr. 2. gr., að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarfélags.

Heimilt er að grípa til aðgerða á svæðinu til verndar gróðri og dýralífi í samræmi við verndaráætlun og að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarfélags.

Um upprekstur á svæðið fer eftir reglum sem viðkomandi sveitarstjórnir setja að fenginni umsögn ráðgjafanefndar.

Hefðbundnar nýttjar í ám og vötnum eru heimilar eins og verið hefur.

11. gr.

Umferð í friðlandinu.

Almenningi er heimil för um friðlandið en skylt er að ganga vel og snyrtilega um svæðið. Óheimilt er skilja eftir sorp í friðlandinu og skulu ferðamenn og aðrir sem um svæðið fara taka allt það sem farið er með inn á svæðið með sér til baka.

Umferð um og í nálægð við varplönd heiðagæsa er bönnuð á tímabilinu 1. maí til 20. júní sbr. viðauka III, kort af svæði takmarkaðrar umferðar vegna heiðagæsavarpis.

Umhverfisstofnun er heimilt að veita leyfi til umferðar á tímabilinu t.d. vegna nauðsynlegs viðhalds mannvirkja eða rannsókna.

Umferð vélknúinna farartækja er heimil í friðlandinu eftir skilgreindum vegum, sbr. kort í viðauka IV.

Heimilt er að aka á jöklum og snævi þakinni jörð svo fremi sem jörð sé frosin og að ekki sé hætt á náttúruspjöllum að undanskildum afmörkuðum svæðum sbr. kort í viðauka V. Á þeim svæðum er akstur óheimill á snævi þakinni og frosinni jörð. Umhverfisstofnun er þó heimilt að leyfi til umferðar á tímabilinu t.d. vegna nauðsynlegs viðhalds mannvirkja eða rannsókna.

Ríðandi mönnum er heimil för um svæðið á hefðbundnum leiðum og afmörkuðum áningarstöðum, sbr. kort í viðauka VI. Hrossabeit er bönnuð nema í viðurkenndum áningarhólfum. Nánar er fjallað um skipulag og fjölda áningarhólfa í verndaráætlun.

Hefðbundin réttur bænda til smölunar helst eins og verið hefur.

Heimilt er að fara á reiðhjólum um friðlandið en fylgja skal vegum svo ekki hljótist af náttúruspjöllum.

Óheimilt er að vera með lausa hunda í friðlandinu þar sem lausir hundar geta truflað dýralíf, en notkun smalahunda er heimil á svæðinu.

Flug neðan 3.000 feta hæðar yfir friðlandinu utan jökuls er óheimilt á tímabilinu 10. maí til 10. ágúst.

12. gr.

Refa- og minkaveiðar

Notkun skotvopna er óheimil á svæðinu, nema til refa- og minkaveiða.

Veiðar á ref eru heimilar skv. almennum reglum þar um enda skulu þær stundaðar á vegum viðkomandi sveitarfélaga og í samráði við Umhverfisstofnun. Halda skal skrá yfir veidd dýr og skila henni til Umhverfisstofnunar.

Stefnt er að útrýmingu minks. Veiðar á mink skulu stundaðar á vegum viðkomandi sveitarfélaga og í samráði við Umhverfisstofnun. Halda skal skrá yfir veidd dýr og skila henni til Umhverfisstofnunar.

13. gr.

Undanþágur.

Drög að friðlýsingarskilmálum (12. mars 2013)

Umhverfisstofnun er heimilt að veita undanþágu frá banni við akstri utan vega vegna rannsókna og verndaraðgerða, að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

14. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn reglum auglýsingar þessarar varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 75. og 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

15. gr.

Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Auglýsing um friðland í Þjórsárverum í Stjórnartíðindum B, nr. 597/1987 fellur úr gildi við gildistöku auglýsingar þessarar.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, x. XX 2013

Svandís Svavarsdóttir

Drög að friðlýsingarskilmálum (12. mars 2013)

Viðauki I – Tillögur að mörkum hins friðlýsta svæðis og hnitatafla



<p>UMHVERFISSTOFNUN http://www.ust.is</p>	<p>Þjórsárver Tillaga að stækkuðu friðlandi</p>	<p>— Stíkaður vegur</p>	<p>--- Növenandi friðland</p>	<p>Blæð nr. 1/1 ust2013020501</p>	<p>Flæðimál: Kortvörpun: Lambert kellingvörpun</p>
		<p>— Vegir með vegnr.</p> <p>— Vegir gerð F1</p> <p>— Vegir gerð F2</p> <p>— Vegir gerð F3</p>	<p>— Tillaga að stækkuðu friðlandi</p>		<p>Hnitataða: ISNG3</p> <p>Kortagerð: Guðni Hannesson LM</p> <p>Dagur: 06-03-2013</p> <p>© Landmælingar Íslands</p>

Drög að friðlýsingarskilmálum (12. mars 2013)

Punktur	X-hnit	Y-hnit	Punktur	X-hnit	Y-hnit	Punktur	X-hnit	Y-hnit
1	524390,5042	483871,2007	57	492032,0375	472472,119	113	512464,4522	495845,3178
2	526328,991	484593,0334	58	491370,9677	472465,9828	114	512051,8523	495607,3044
3	527519,0644	485658,7708	59	491042,9282	473194,4635	115	512361,7595	494607,8414
4	529099,9082	486244,9264	60	491580,5409	474322,9041	116	513048,7145	494832,3724
5	531710,9648	488784,9338	61	493784,9851	473849,7695	117	513348,1505	494001,6549
6	533522,7184	489921,7204	62	493282,7174	474296,1455	118	513340,5017	494364,0371
7	538300,7744	488518,4995	63	493587,8953	474953,6812	119	513584,0217	494378,5481
8	538922,4545	488145,4914	64	492540,6062	475142,4815	120	513515,9555	494083,7045
9	539224,4135	487275,1392	65	492146,1904	476386,1269	121	514044,948	494236,8825
10	538513,9219	486990,9426	66	492474,0162	477510,0808	122	514192,9882	494881,2779
11	537572,5205	485552,1971	67	493715,1821	478579,7507	123	514835,7322	494577,3069
12	537643,5697	483722,6812	68	493276,7425	478933,5492	124	514865,9047	495179,9501
13	537359,373	483367,4354	69	493675,1406	479528,3315	125	515604,8517	494435,3983
14	537608,0451	482053,026	70	494035,6311	479419,5292	126	515941,9746	494460,757
15	536666,6437	480543,2313	71	493999,4396	479882,902	127	516579,7863	496329,8157
16	536453,4962	479477,4939	72	492284,8705	480321,5668	128	517163,6854	496659,268
17	535281,1851	478482,8057	73	491946,2601	480718,3455	129	518399,2122	496346,8972
18	534570,6935	478536,0926	74	491837,1605	481787,7571	130	518871,265	495753,7868
19	534499,6444	477434,8306	75	492185,8551	482165,9136	131	518610,3238	495539,5982
20	533060,8989	475285,5935	76	491985,8813	484482,0868	132	518710,9505	495253,7313
21	531870,8254	474734,9625	77	492530,7593	484734,953	133	518902,4004	495381,0608
22	531249,1453	475072,446	78	492698,8477	485442,9475	134	518855,4633	495001,2989
23	530698,5143	474734,9625	79	494259,8663	485107,6894	135	519622,7317	494902,3769
24	529099,9082	472639,0123	80	494405,5571	485797,2756	136	519544,65	495195,535
25	529188,7197	471448,9389	81	494700,2385	485919,8519	137	519989,647	495202,17
26	528478,2281	469654,9476	82	496448,7671	484947,9219	138	520840,8227	492792,0406
27	528673,6133	467967,53	83	497098,6017	485152,9355	139	520332,8341	492341,4781
28	524908,0078	461111,2861	84	497613,3079	484799,8264	140	520907,5469	492197,3196
29	524748,1472	460027,7864	85	497111,3729	485357,4762	141	520982,3748	492487,741
30	523433,7377	457558,8281	86	497080,2238	486128,9028	142	521520,7983	492233,9591
31	523415,9754	456777,2874	87	497586,2777	487765,0624	143	522993,4368	491180,3414
32	522362,0404	455744,2253	88	498880,0881	488489,8859	144	523335,3809	490542,0287
33	513000,9059	439452,5358	89	499642,3521	488028,8769	145	523505,9846	491063,9683
34	501654,3076	442036,5114	90	500212,9305	488148,5299	146	524538,3785	490362,7968
35	501191,709	452425,5263	91	500229,5788	488576,9018	147	524546,6408	489671,5991
36	497909,3271	452425,5263	92	499255,0751	489648,8449	148	525505,3194	489094,841
37	496967,9257	455569,4517	93	498838,7473	490799,4062	149	525070,416	488762,2342
38	495227,2213	456830,5742	94	499241,8651	492945,5622	150	524095,001	488850,2511
39	495085,123	458624,5655	95	500431,7679	494918,6196	151	523970,704	488529,4054
40	494516,7297	460098,8356	96	502747,5901	496513,3036	152	524611,7915	488371,2192
41	494303,5822	462070,4498	97	504418,9124	497119,6733	153	524305,337	487264,7021
42	498149,038	464596,8811	98	504999,1488	497231,6023	154	524964,5669	487011,9149
43	496868,6592	466163,6413	99	505446,32	496955,3736	155	524641,04	486628,1936
44	496166,3108	465951,2705	100	505419,6144	497215,0956	156	525251,8297	486302,2923
45	496256,0912	466680,759	101	506905,8814	497441,3518	157	524513,0243	486095,3009
46	495419,3164	467137,1327	102	507317,5703	496549,8289	158	523935,1441	485285,7029
47	496271,6808	467881,2233	103	507792,7076	497157,5167	159	523720,4264	485585,5356
48	495601,0001	468287,4267	104	510057,3302	496483,7546	160	522613,2569	484817,6003
49	495681,3231	468805,4116	105	509940,2141	495141,5561	161	521341,4953	484869,9052
50	495312,307	469142,7979	106	510258,6411	494914,2362	162	522069,4267	484734,5652
51	495035,3238	469022,8531	107	510616,226	494918,8341	163	522422,0136	484262,8868
52	494802,9142	469341,5005	108	510411,0271	495511,5189	164	523650,4788	484294,0052
53	493589,9187	468377,4043	109	510688,2915	496241,4415	165	524738,7154	484777,3585
54	492609,7313	468881,8002	110	511122,2779	495751,0916	166	524928,3477	484511,1808
55	492992,8759	469745,8301	111	511381,352	496507,0051			
56	492886,555	471157,5002	112	511851,529	496512,8021			

Drög að friðlýsingarskilmálum (12. mars 2013)


Viðauki II – Áætlun vegna landvörslu, framkvæmda og fræðslu

Svæðalandvörður, heilsársstöðugildi	10 m. kr.
Landverðir 18 vikur á sumri	4 m. kr.
Framkvæmdir og fræðsla	15 m. kr.
Samtals:	29 m. kr. árlega

Í samræmi við ákvæði friðlýsingar yrði gerð 3 ára framkvæmdaáætlun þar sem tekin væri ákvörðun um forgangsörðun verkefna. Þau verkefni sem m.a. vinna þarf er lokun slóða, vegvísar, fræðsluskilti, fuglaskoðunarhús, gerði fyrir hross, gerð fræðsluefnis á sýningu o.s.frv.

Drög að friðlýsingarskilmálum (12. mars 2013)

Viðauki III – Svæði takmarkaðrar umferðar vegna heiðagæsavarps









 UMHVERFISSTOFNUN http://www.usf.is	Djòrsárver Tillaga að stækkuðu friðlandi	 Síkkaður vegur	 Næverandi friðland	 Blað nr. 1/1 usf2013020501	Flábermál: Korðevörpun: Lambert kellingvörpun Hraettalaða: ISNG3
		 Vegur með veggr.  Vegur gerð F1  Vegur gerð F2  Vegur gerð F3	 Tillaga að stækkuðu friðlandi  Verpland Heiðagæsa		Kartagerð: Guðni Hannesson LMÍ Daga: 06-03-2013 © Landsmetingar lands

Drög að friðlýsingarskilmálum (12. mars 2013)

Viðauki IV – Vegir og slóðar



 UMHVERFISSTOFNUN http://www.ust.is	Djórsárver Tillaga að stækkuðu friðlandi	 Stíkaður vegur	 Növerandi friðland	 Blað nr. 1/1 ust2013020501	Fláfermi: Kórberðupun: Lambert kellingupun
		 Vegir með vegri	 Tillaga að stækkuðu friðlandi		Hnitkerfi: ISNG3 Kartagerð: Guðni Hannesson LMÍ Daga: 06-03-2013 © Landmælingar Íslands

Drög að friðlýsingarskilmálum (12. mars 2013)

Viðauki V – Umferð á snævi þakinni jörð



 <p>UMHVERFISSTOFNUN http://www.usf.is</p>	<p>Djórsárver Tillaga að stækkuðu friðlandi</p>	<p>— Stíður vegur</p>	<p>□ Núverandi friðland</p>	<p>N</p> <p>Blæð nr. 1/1 usf2013020501</p>	<p>Flátemál:</p>
		<p>— Vegur með vegr.</p> <p>— Vegur gerð F1</p> <p>— Vegur gerð F2</p> <p>— Vegur gerð F3</p>	<p>□ Tillaga að stækkuðu friðlandi</p> <p>▨ Aftur óheimil</p>		<p>Kortavörpun: Lambert keiluvörpun</p> <p>Hrattalaða: ISNG3</p> <p>Kortagerð: Guðni Hannarson LM</p> <p>Dagur: 06-03-2013</p> <p>© Landmælingar Íslands</p>

Drög að friðlýsingarskilmálum (12. mars 2013)

Viðauki VI - Reiðleiðir

